

# **Samband íslenskra sveitarfélaga**

**Ársreikningur**

**2021**

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30

105 Reykjavík

kt. 550269-4739

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnenda .....	3	Efnahagsreikningur .....	7
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Rekstrarreikningur .....	6	Skýringar .....	9

## Skýrsla og áritun stjórnenda

---

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Samtals eru 68 af 69 sveitarfélögum með aðild að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 849,0 m.kr. á árinu 2021 en rekstrargjöld 823,6 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 25,4 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 25,5 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 532,4 m.kr. Þar af eru laun vegna stjórnar, nefnda og ráða 26,9 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 29,2.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2021 nema 372,1 m.kr. en skuldir námu 216,5 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 155,6 m.kr. í árslok 2021.

Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík 25. febrúar 2022

Stjórn:

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Ásgerður K. Gylfadóttir

Rakel Óskarsdóttir

Haraldur Sverrisson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Valur Rafn Halldórsson

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 25. febrúar 2022

**KPMG ehf.**

Auðunn Guðjónsson

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....		515.648.173	500.569.000	502.282.974
Framlag Bakhjarls sambandsins .....		0	20.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta .....		170.585.539	188.355.000	110.585.549
Aðrar tekjur .....		162.736.411	74.100.000	45.909.976
	10	848.970.123	783.024.000	658.778.499
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	11	532.410.641	547.381.000	518.029.668
Annar rekstrarkostnaður .....	12	289.016.385	231.300.280	131.831.880
Afskriftir .....	14	2.176.493	2.176.000	2.176.493
		823.603.519	780.857.280	652.038.041
Rekstrarafkoma ársins .....		25.366.604	2.166.720	6.740.458
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur .....		181.316	193.000	160.567
Vaxtagjöld .....		( 7.839 )	( 5.493 )	( 3.260 )
		173.477	187.507	157.307
<b>Afkoma ársins .....</b>	<b>16, 20</b>	<b>25.540.081</b>	<b>2.354.227</b>	<b>6.897.765</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

### Eignir

	Skýr.	2021	2020
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk. ....	6, 14	72.341.397	74.517.890
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum .....	7	620.711	120.711
Fastafjármunir samtals		72.962.108	74.638.601
<b>Veltufjármunir:</b>			
Óinnheimtar tekjur og aðrar skammtímaskuldir .....	15	180.759.847	69.787.199
Handbært fé .....	8	118.399.083	121.642.741
Veltufjármunir samtals		299.158.930	191.429.940
<b>Eignir samtals</b>		<b>372.121.038</b>	<b>266.068.541</b>

### Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur .....	16	155.640.877	170.100.796
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		112.565.952	12.436.254
Aðrar skammtímaskuldir .....		103.914.209	83.531.491
Skammtímaskuldir samtals		216.480.161	95.967.745
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>372.121.038</b>	<b>266.068.541</b>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi .....	16	25.540.081	2.354.227	6.897.765
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir .....	14	2.176.493	2.176.493	2.176.493
Veltufé frá rekstri		<u>27.716.574</u>	<u>4.530.720</u>	<u>9.074.258</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun .....		( 110.972.648 )	( 5.368.213 )	2.409.048
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun) .....		<u>120.512.416</u>	<u>( 10.305.248 )</u>	<u>19.276.469</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>9.539.768</u>	<u>( 15.673.461 )</u>	<u>21.685.517</u>
Handbært fé frá, (til) rekstrar		<u>37.256.342</u>	<u>( 11.142.741 )</u>	<u>30.759.775</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>				
Framlag til Bakhjarls sambandsins .....	16	( 40.000.000 )	0	( 15.000.000 )
Stofnfé Jafnlaunastofu sf. ....	7	( 500.000 )	0	0
		<u>( 40.500.000 )</u>	<u>0</u>	<u>( 15.000.000 )</u>
(Lækkun), hækkun á handbæru fé .....		( 3.243.658 )	( 11.142.741 )	15.759.775
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>121.642.741</u>	<u>121.642.741</u>	<u>105.882.966</u>
Handbært fé í árslok .....		<u>118.399.083</u>	<u>110.500.000</u>	<u>121.642.741</u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands Íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands Íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2021, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

### Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,59% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,59% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

### Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign ..... 50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

### Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutfé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði. Á árinu 2021 var lagt fram stofnfé í Jafnlaunastofu sf. að fjárhæð 500.000 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

### Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstremisýfirliti og skýringum.

## Skýringar frh.

### Rekstrartekjur

10 Rekstrartekjur greinast þannig:	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	515.648.173	500.569.000	502.282.974
Framlag Bakhjarls til sambandsins .....	0	20.000.000	0
	<u>515.648.173</u>	<u>520.569.000</u>	<u>502.282.974</u>
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög .....	117.530.590	136.297.000	68.064.697
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld .....	7.567.000	8.933.000	365.500
Bækur, auglýsingar o.fl. ....	3.029.520	2.900.000	2.970.369
Samstarfsstofnanir .....	42.458.429	40.225.000	39.184.983
	<u>170.585.539</u>	<u>188.355.000</u>	<u>110.585.549</u>
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir .....	131.736.411	37.100.000	9.143.158
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	31.000.000	32.000.000	36.266.818
Styrkir og endurgreiðslur .....	0	5.000.000	500.000
	<u>162.736.411</u>	<u>74.100.000</u>	<u>45.909.976</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>848.970.123</u>	<u>783.024.000</u>	<u>658.778.499</u>

### Starfsmannamál

11 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
Laun .....	432.947.559	449.447.000	414.625.762
Launatengd gjöld .....	96.533.227	98.934.000	93.251.497
Áfallið orlof, breyting .....	2.929.855	( 1.000.000 )	10.152.409
	<u>532.410.641</u>	<u>547.381.000</u>	<u>518.029.668</u>
Ársverk starfsmanna .....	29,2	30,8	28,8

### Annar rekstrarkostnaður

12 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
Vörukaup .....	28.193.042	26.408.000	17.271.904
Þjónustukaup .....	256.357.511	198.879.880	109.067.544
Skattar og opinber gjöld .....	3.875.832	4.512.400	3.921.482
Styrkir og framlög .....	590.000	1.500.000	1.570.950
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>289.016.385</u>	<u>231.300.280</u>	<u>131.831.880</u>

### Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 193,7 m.kr. á árinu 2021 og skiptist hann þannig:	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis .....	23.768.795	12.798.582	36.567.377
Annar sameiginlegur kostnaður .....	132.522.088	24.625.128	157.147.216
Samtals .....	<u>156.290.883</u>	<u>37.423.710</u>	<u>193.714.593</u>
Hlutfall .....	80,7%	19,3%	100%

## Skýringar frh.

---

### Varanlegir rekstrarfjármunir

- 14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1.2021 .....	108.824.660
Afskrifað áður .....	( 34.306.770 )
Bókfært verð 1.1.2021 .....	74.517.890
Afskrifað á árinu .....	( 2.176.493 )
Bókfært verð 31.12.2021 .....	<u>72.341.397</u>
Stofnverð 31.12.2021 .....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12.2021 .....	( 36.483.263 )
Bókfært verð 31.12.2021 .....	<u>72.341.397</u>
Afskriftahlutfall .....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 198,9 m.kr. í árslok 2021.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 232,3 m.kr. á sama tíma.

### Skammtímakröfur

- 15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 180,8 m.kr. í árslok 2021. Kröfunar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

### Eigið fé

- 16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2021 .....	170.100.796
Afkoma ársins .....	25.540.081
Framlag til Bakhjarls sambandsins .....	( 40.000.000 )
Eigið fé 31.12. 2021 .....	<u>155.640.877</u>

### Lykiltölur

17 Helstu lykiltölur:	2021	2020
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum .....	1,38	1,99
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni .....	41,8%	63,9%

## Skýringar frh.

### Kjarasvið - kjaramál

- 18 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Starfsmat:			
Vörukaup .....	27.470	0	19.558
Þjónustukaup .....	37.103.123	43.397.000	27.148.270
Samtals kostnaður .....	37.130.593	43.397.000	27.167.828
Endurgreiðslur sveitarfélaga .....	( 37.130.593 )	( 43.397.000 )	( 27.167.828 )
Samtals .....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs .....	42.000.000	42.000.000	35.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga .....	( 42.000.000 )	( 42.000.000 )	( 35.000.000 )
Samtals .....	0	0	0

- 19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Staða í ársbyrjun .....	34.985.220	34.985.220	38.446.452
Starfsmat, sbr. skýringu 18 .....	37.130.593	39.979.000	27.167.828
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18 .....	42.000.000	42.000.000	35.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu .....	( 70.665.231 )	( 70.000.000 )	( 65.629.060 )
Staða í árslok .....	43.450.582	46.964.220	34.985.220

## Skýringar frh.

### Sundurliðun rekstrarreiknings

20 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>Sameiginlegar tekjur</b>				
Framlag jöfnunarsjóðs .....	0	515.648	( 515.648 )	( 500.569 )
Framlag Bakhjarls sambandsins .....	0	0	0	( 20.000 )
Samtals	0	515.648	( 515.648 )	( 520.569 )
<b>Yfirstjórn</b>				
Landsþing .....	3.727		3.727	2.175
Sambandsstjórn .....	31.035		31.035	34.586
Síðanefnd .....	53		53	625
Endurskoðun og reikningsskil .....	2.518		2.518	2.500
Aðrar nefndir og sérverkefni .....	27.736	18.052	9.684	25.995
Innlent samstarf .....	514		514	807
Norrænt samstarf .....			0	1.685
Fulltrúaráð CEMR .....	531		531	1.952
Sveitastjórnarvettvangur EFTA .....			0	895
Annað erlent samstarf .....			0	150
Samtals	66.114	18.052	48.062	71.370
<b>Rekstrar- og útgáfusvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	165.864	33.342	132.522	128.800
Samtals	165.864	33.342	132.522	128.800
<b>Hag- og upplýsingasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	57.418	2.500	54.918	53.579
Upplýsingaveita sveitarfélaga .....	0	0	0	1.525
Samtals	57.418	2.500	54.918	55.104
<b>Kjarasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	116.982	42.000	74.982	71.847
Starfsmat .....	37.131	37.131	0	0
Kjaramálanefnd .....	0	0	0	622
Samtals	154.113	79.131	74.982	72.469
<b>Þróunar- og alþjóðasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	25.439	0	25.439	17.381
Brussel-skrifstofa .....	20.527	23.000	( 2.473 )	151
Stafræn framþróun .....	121.237	121.884	( 647 )	3.693
Forvarnarfulltrúi .....	6.737	16.000	( 9.263 )	0
Samtals	173.940	160.884	13.056	21.225
<b>Lögfræði og velferðarsvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins .....	128.528	6.616	121.912	123.923
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum .....	26.522	22.200	4.322	9.018
Félagsþjónustunefnd .....	425	0	425	777
Skipulagsmálanefnd .....	132	0	132	777

Fræðslumálanefnd .....	762	0	762	1.242
Samtals	156.369	28.816	127.553	135.737

## Skýringar frh.

20 framhald

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>Ráðstefnur og námskeið</b>				
Ráðstefnur .....	7.318	7.567	( 249 )	0
Námskeið .....	6.500	0	6.500	9.500
Samtals	13.818	7.567	6.251	9.500
<b>Útgáfu- og kynningarmál</b>				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál .....	2.625	3.029	( 404 )	( 932 )
Rit til endursölu .....	740	0	740	0
Upplýsingavefur sambandsins .....	0	0	0	2.786
Samtals	3.365	3.029	336	1.854
<b>Hlutdeild í rekstri húsnæðis</b>				
Borgartún 30 .....	36.567	0	36.567	27.389
Hlutdeild samstarfsstofnana .....	( 12.799 )	0	( 12.799 )	( 9.586 )
Samtals	23.768	0	23.768	17.803
<b>Sameiginlegur kostnaður</b>				
Ánnið orlof breyting .....	2.930	0	2.930	( 1.000 )
Afskriftir .....	2.176	0	2.176	2.176
Annar starfsmannakostnaður .....	3.520	0	3.520	3.170
Staðgr. fjármagnstekjuskattur .....	40	0	40	43
Þjónustugjöld banka .....	168	0	168	151
Samtals	8.834	0	8.834	4.540
<b>Alls rekstur</b>	<b>823.603</b>	<b>848.970</b>	<b>( 25.366 )</b>	<b>( 2.167 )</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm. ....	0	181	( 181 )	( 193 )
Vaxta- og verðbóttagj. af skammtsk. ....	8	0	8	5
Samtals	8	181	( 173 )	( 187 )
<b>Alls</b>	<b>823.611</b>	<b>849.151</b>	<b>( 25.540 )</b>	<b>( 2.354 )</b>